

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar

um höfundarlaun handa Gunnari Gunnarssyni.

Flm.: Barði Guðmundsson, Kristinn E. Andrésson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða Gunnari Gunnarssyni rithöfundu höfundarlaun á árinu 1944 og gera ráð fyrir slíkum launum honum til handa á 18. gr. fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

Greinargerð.

Gunnar Gunnarsson rithöfundur hefur með bréfi til úthlutunarnefndar Rithöfundafélags Íslands, dagsettu 12. jan. s. l., tjáð sig ófúsan að taka við höfundarlaunum af fé því, sem nefndin hefur til úthlutunar handa skáldum og rithöfundum fyrir árið 1944. Hefur nefndin talið sér skylt að taka synjun hans til greina, og er því þessi tillaga hér fram komin á Alþingi.